# 413. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á að taka upp aftur ríkiseinkasölu á tóbaki í heildverslun, með líkri tilhögun og hjer var árin 1922—25. Tilgangur frv. er, að því er ráða má af greinargerðinni, sá, að afla ríkissjóði aukinna tekna af tóbaki. En þar sem endurskoðun skattalöggjafarinnar er nú í höndum milliþinganefndar, er skipuð var á Alþingi 1928, þykir meiri hlutanum þegar af þeirri ástæðu ekki rjett að afgreiða eins og stendur verulegar breytingar á þeirri löggjöf, og leggur því til, að til afgreiðslu á málinu verði samþykt svofeld

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Með því að endurskoðun á skattalöggjöfinni er nú í höndum milliþinganefndar, telur þingdeildin ekki rjett að afgreiða einstaka breytingu á tekjulöggjöfinni, svo sem þetta frv. fer fram á, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1924.

Jón Þorláksson, frsm. | Páll Hermannsson. | Björn Kristjánsson.